

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum

Bæjarráð Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 10 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og leikskólafulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

	Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 50.174	kr. 78.516
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 63.151	kr. 96.264
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 74.865	kr. 112.749
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 88.505	kr. 131.160
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 100.357	kr. 147.783
Fyrir 8,5 stunda vistun	kr. 106.627	kr. 158.824
Fyrir 9,0 stunda vistun	kr. 112.898	kr. 169.866

Ef um hálfar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 6271 fyrir hverja hálfu stund.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum dagforeldra samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra, sjá nánar í reglum þar um.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2025 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarráði 10. janúar 2023.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
14. janúar 2025*

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.*